

Starfsreglur um sálgæslu- og fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

1. gr.

Á vegum Þjóðkirkjunnar skal starfrækja sálgæslu- og fjölskylduþjónustu kirkjunnar sem veitir sérhæfða þjónustu í sálgæslu og fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. Sálgæslu- og fjölskylduþjónustan er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar og lýtur faglegri forystu biskups Íslands.

2. gr.

Með sérhæfðri þjónustu kirkjunnar í sálgæslu- og fjölskyldumálum er átt við að:

- a) styðja fjölskyldur sem þess óska með viðtölum, ráðgjöf og fræðslu,
- b) styðja og efla presta og djákna í samskiptum við fjölskyldur, svo sem viðtölum, í sáttaumleitunum, fræðslustarfi og ráðgjöf.

3. gr.

Sálgæslu- og fjölskylduþjónusta kirkjunnar annast handleiðslu presta, djákna og annarra starfsmanna kirkjunnar eftir því sem við á. Biskup setur reglur um fyrirkomulag handleiðslunnar og kostnað.

4. gr.

Biskup Íslands ræður forstöðumann sálgæslu- og fjölskylduþjónustu kirkjunnar og skal hann vera prestur með sérmenntun á starfssviði þjónustunnar.

Hann ræður starfsfólk í samráði við biskup Íslands.

5. gr.

Forstöðumaður og starfsfólk er bundið þagnarskyldu um það sem leynt á að fara þ.e. málefni skjólstæðinga, og annað sem lýtur að rækslu starfa þeirra og málefna þjónustunnar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

6. gr.

Sálgæslu- og fjölskylduþjónustunni er heimilt að afla sértekna samkvæmt gjaldskrá er staðfest skal af rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.

7. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma falla á brott starfsreglur um Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009, með síðari breytingum.

Samþykkt á kirkjuþingi í einni umræðu 24. október 2022 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.